

- b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.  
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

**17. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976:

**Þorskur:**

Saga IG/IM .....	kr.	814.50	pr. kg fob.
Edda 20/40 .....	—	699.80	— — —
Edda 30/up .....	—	699.80	— — —
Astra 20/40 .....	—	614.70	— — —
Astra 30/up .....	—	671.35	— — —
Polar .....	—	614.70	— — —

**Ufsi:**

Astra 20/40 .....	kr.	450.80	pr. kg fob.
Astra 30/up .....	—	507.00	— — —
Polar .....	—	478.90	— — —

Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1976.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*